

## Fundargerð

### 178. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins Þriðjudaginn 15. janúar 2013 kl. 12<sup>15</sup>–13<sup>00</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Halldór Haraldsson (HH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Breytingar á lögum um raftæki og raftækjaúrgang
- (3) Breytingar á lögum um úrvinnslugjald
- (3) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (177. fundar). GGÞ fór yfir það að ætlunin var að fulltrúi UAR, Kjartan Ingvarsson (KI) lögfræðingur, kæmi á fundinn færi yfir væntanlegt frumvarp um breytingar á lögum nr. 55/2003, vegna meðhöndlunar á raftækjaúrgangi. Hann þurfti að afboða komu sína rétt fyrir fund.

#### 2. Breytingar á lagaákvæðum um raftæki

GGÞ fór yfir að umhverfisráðuneytið er að ljúka vinnu við frumvarp til breytinga á núverandi fyrirkomulagi við söfnun og ráðstöfun raftækjaúrgangs. Gert er ráð fyrir að koma frumvarpinu í kostnaðarmat á næstu dögum.

LÓ fór yfir upplýsingar frá UAR til SVP. Þar var staðfest að vinnu við frumvarpið væri að verða lokið og yrði kynnt fulltrúum SVP fljótlega.

GGÞ skýrði frá óskum ÚS um að reglugerð vegna meðhöndlunar raftækjaúrgangs yrði útgefin sem allra fyrst. Það mun hjálpa til við að loka fyrir svokallaða „free riders“ hjá skilakerfunum. UAR ætlar að verða við þeim óskum.

BS fór yfir það að margt væri enn óljóst vegna væntalegs frumvarps og hvað það muni innihalda. BS ítrekaði ósk sína um að fá samanburð fyrir atvinnulífið á kostnaði með óbreyttri innsöfnun á raftækjum svo m.t.t. aukinna krafna um skilahlutfall.

#### 3. Breytingar á lögum um úrvinnslugjald

Kynnt var á fundinum væntanlegt frumvarp sem lagt verður fram á Alþingi vegna breytinga á úrvinnslugjöldum.

#### 4. Önnur mál

Lagt var fram á fundinum tillaga um fundardaga stjórnar janúar til júní 2013.

*Samþykkt*

Næsti fundur ákveðinn 29.janúar 2013.

Fundi slitið kl 13:00